

Hlustunaræfing 1

Eintak kennara

Fyrst er öll sagan lesin einu sinni. Svo eru spurningarnar lesnar allar einu sinni. Því næst er sagan lesin í fimm hlutum og stoppað við hvern hluta á meðan þau krossa við rétt svar.

María og Anna

1. María er frá Víetnam, en hún á núna heima á Íslandi. Hún býr í Reykjavík í Blöndubakka nr. 99. María vinnur í bókabúð sem er á Laugaveginum. Hún talar smá íslensku, og er að læra íslensku í Háskólanum.
 2. María er 20 ára hún er ekki gift. Hún býr með stelpu sem er íslensk og er úr Reykjavík. Stelpan heitir Anna og er 18 ára. Anna talar alltaf íslensku við Maríu. María reynir líka alltaf að tala íslensku en stundum getur hún það ekki og þá talar hún ensku.
 3. Maríu finnst gaman að elda mat. Hún kaupir oft fisk. Fiskurinn á Íslandi er góður. Önnu finnst ekki gaman að elda mat en henni finnst gott að borða góðan mat. Henni finnst líka gaman að lesa bækur. Núna er hún að lesa bók um Afríku.
 4. María situr og er að skrifa bréf til bróður síns í Víetnam. Hún hlustar líka á músik í útvarpinu. Klukkan sex er hún búin að skrifa bréfið. Hún skrifar nafn og heimilisfang á umslagið og límir frímerki á bréfið.
 5. Svo segir hún við Önnu. Viltu koma í bíó? Ég veit ekki segir Anna. Þá segir María: Það er verið að sýna góða enska mynd í bíó. Anna segir: Allt í lagi mér finnst enskar myndir skemmtilegar. María setur bréfið í vasann og þær fara út.
- María setur bréfið í póstkassann. Svo fara þær saman í bíó.

Hlustaður á kennarann lesa textann. Krossið x við já/nei

María og Anna

	já	nei
1. Er María frá Íslandi?	_____	_____
2. Býr hún í Blöndubakka?	_____	_____
3. Vinnur María í búð?	_____	_____
4. Vinnur hún á Laugaveginum?	_____	_____
5. Er hún að læra íslensku?	_____	_____
6. Er María 20 ára?	_____	_____
7. Er hún ógift?	_____	_____
8. Býr hún með strák?	_____	_____
9. Er Anna frá Íslandi?	_____	_____
10. Reynir María að tala íslensku?	_____	_____
11. Getur hún talað ensku?	_____	_____
12. Kann María að búa til mat?	_____	_____
13. Finnst Önnu gaman að búa til mat?	_____	_____
14. Er Anna að lesa um Afríku í dagblaði?	_____	_____
15. Á María bróðir?	_____	_____
16. Eiga María og Anna útvarp?	_____	_____
17. Er María búin að skrifa bréfið kl. 6	_____	_____
18. Fer María út í búð og kaupir frímerki?	_____	_____
19. Langar Maríu að sjá enska mynd í bíó?	_____	_____

20. Fer Anna með Maríu í bíó?
